



Nefndasvið Alþingis
við Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26.05.2016
Tilvísun: 201605-0017

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum, búnaðarlögum og tollalögum (búvörusamningar, búnaðarlagasamningar).

Atvinnuveganefnd hefur óskað eftir umsögn Alþýðusambandsins við ofangreint mál, nánar tiltekið breytingar á búvöru-, búnaðar- og tollalögum í tengslum við búvörusamninga sem undirritaðir voru þann 19. febrúar. Afstaða Alþýðusambandsins til búvörusamninga birtist skýrt í ályktun miðstjórnar frá 2. mars þar sem m.a. segir:

„Miðstjórn ASÍ skorar á Alþingi að hafna búvörusamningum, taka tillit til sjónarmiða neytenda um aukna samkeppni í landbúnaði og móta sóknðjarfa stefnu í landbúnaði sem kæmi öllum til góða, bændum, starfsmönnum í greininni og neytendum. Það er mat Alþýðusambands Íslands að búvörusamningar næstu tíu ára feli í sér óbreytt ástand og muni ekki bæta hag neytenda.“¹

Þessu til viðbótar er rétt að koma á framfæri að:

- Það er mat ASÍ að með fyrirliggjandi samningum sé farið á mis við mikil sóknartækifæri sem liggja í íslenskum landbúnaði og að þeir séu ekki rétta leiðin til að ná meginmarkmiðum um áframhaldandi hagræðingu, bætta samkeppnishæfni og lægra vöruverð.
- ASÍ gagnrýnir samráðsleysi og telur að horft sé framhjá hagsmunum launafólks í greininni. Með breytingum megi búa til verðmætari störf í landbúnaði, nýta erlenda samkeppni til góðs og á sama tíma búa til nýja markaði fyrir verðmætari útflutning landbúnaðarafurða.
- Markaður með landbúnaðarafurðir einkennist af fákeppni og einokun og ólíklegt að neytendur njóti góðs af hagræðingu og aukinni samkeppnishæfni. Afnema ber undanþágu greinarinnar frá samkeppnislögum.
- ASÍ gagnrýnir harðlega áætlanir um hækkun magntolla á tilteknar landbúnaðarvörur, þ.e. undanrennu- og mjólkurduft sem ljóst er að muni hafa áhrif til hækkunar á vöruverði til neytenda.
- ASÍ telur mikilvægt að dregið verði úr tollvernd landbúnaðarvara en beinn stuðningur við greinina aukinn á móti. Þar ber að horfa til jákvæðrar reynslu af þeim breytingum sem gerðar voru í garðyrkjunni 2002 þegar tollar voru felldir niður af gúrkum, papriku og tómötum og gerður var aðlögunarsamningur til ársins 2011.

f.h. ASÍ
Róbert Farestveit
Hagfræðingur

¹ Sjá nánar ályktun miðstjórnar, <http://www.asi.is/um-asi/utgafa/frettasafn/frett/2016/03/03/alyktun-midstjornar-asi-um-buvorusamninga>